

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa

16. júní 2026. 167. tbl. 24. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is



Gleðilegan

JÚNÍ

Efnisyfirlit

| | |
|-------------------|---|
| ■ Heilsuleikskóli | 2 |
| ■ Vinnuskólinn | 4 |
| ■ Karate | 7 |
| ■ Skólagarðar | 8 |



Ný bæjarstjórn /2



Glæsileg útskriftarathöfn MK /6



Björgum hjarta Kópavogs /10

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar** sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum

Húsgagnahöllir: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Fluggers:** 30% afsláttur af allri innviðingunni. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parké:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z. brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsmiðjarn:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS
Síðan 1996

ALÚÐ VIRDING
TRAUST REYNSLA

Útfararþjónusta
í þrjá áratugi

Sólarhringsþjónusta
581-3300
utforin@utforin.is
utforin.is

Við komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað.

Samstarfsaðilar: Útfararstofa Hafnafjarðar s. 565-5892 Útfararstofa Garðabæjar s. 565-0210

Sverrir Einarsson 8968242
Jóhanna Eiríksdóttir 8968242
Andrés James 6625339

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI

RÉTTUM OG SPRAUTUM
ALLAR GERÐIR BÍLA

Smiðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

Bjóðum 20% afslátt af Nettoline eldhús og baðinnréttingum til 15. júlí.

Við hönnum draumainnréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 - 2026

Virka daga 10-17
562-1500
Friform.is

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur

Sérhæfum okkur í réttinum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

Varmi
Við réttum og sprautum
Auðbrekku 14 Kópavogi - Sími 564 2141
www.varmiehf.is

Kjötbúð í Kópavogi

Gæði á góðu verði

KJÖTVINNSLA

KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla

Smiðjuvegi 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is



STJÓRNIN

Ný bæjarstjórn kemur saman

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar Kópavogs fór fram þriðjudaginn 9. júní.

Ellefu eru í bæjarstjórn Kópavogs og voru kjörin í bæjarstjórn 2026-2030 þau: Ásdís Kristjánsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Andri Steinn Hilmarsson, Elísabet Berglind Sveinsdóttir, Guðmundur Jóhann Jónsson og Hildur Einarsdóttir, Sjálfstæðisflokk. Orri Vignir Hlöðversson, Framsóknarflokk, Jónas Már Torfason og Eydís Inga Valsdóttir, Samfylkingu, María Ellen Steingrimsdóttir, Viðreisn og Einar Jóhannes Guðnason, Miðflokk.

Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur verða áfram í meirihlutasam-

starfi eins og á síðasta kjörtímabili og eru bæjarfulltrúar meirihlutans sjö.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar var ráðning Ásdísar Kristjánsdóttur í starf bæjarstjóra samþykkt.

Forseti og formenn nefnda

Elísabet Berglind Sveinsdóttir var kjörin forseti bæjarstjórnar, fyrsti varaforseti Orri Vignir Hlöðversson og annar varaforseti Einar Jóhannes Guðnason. Þau skipa einnig forsætisnefnd.

Kosið var í ráð og nefndir Kópavogsbæjar á fundinum. Formaður bæjarráðs er Andri Steinn Hilmarsson, formaður skipulags- og umhverfis-

ráðs Hjördís Ýr Johnson, formaður menntaráðs er Karen Rúnarsdóttir, formaður velferðarráðs Björg Baldursdóttir, formaður menningar- og mannlífsnefndar Elísabet Berglind Sveinsdóttir.

Þá er formaður innkaupanefndar Guðmundur Jóhann Jónsson, formaður íþrótt- og lýðheilsunefndar Hildur Einarsdóttir, formaður notendaráðs í málefnum fatlaðs fólks er Signý Skúladóttir, formaður öldungaráðs er Helga Guðrún Jónasdóttir. Tengiliðir bæjarstjórnar við ungmennaráð eru þau Jónas Már Torfason og Elísabet Berglind Sveinsdóttir.

AFMÆLI

Heilsuleikskólinn Kór 20 ára



Heilsuleikskólinn Kór fagnaði 20 ára starfsafmæli þann 1. júní síðastliðinn. Sumarhátíð skólans var sameinuð afmælissögnum að þessu sinni. Foreldrafélag skólans tók þátt í

að undirbúa fögnuðinn. Skólahljómsveit Kópavogs lék fyrir gesti og boðið var upp á skemmtiatriði fyrir börnin sem gæddu sér á kökum og ávöxtum.



Bjóðum 20% afslátt af Nettoline eldhús og baðinnréttingum til 15. júlí.

Við hönnum draumainnréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 - 2026

Virka daga 10-17

562-1500
Friform.isFriform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Kópavogsblaðið slf, kt: 620513-1800

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is
Hönnun: Guðmundur Árnason
Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com
Prentun: Landsprent.

Fáðu tilboð í umfjöllun í Kópavogsblaðinu
kopavogsbladid.is/samstarf/



Skannaðu kóðann

LEGSTEINAR

EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Vetraropnun: 13-16
alla virka daga
Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

SUMARIÐ ER TÍMINN!

20
ÁRA
REYNSLA
★★★★★

Ekki bíða fram á næsta ár með viðhaldið.

Við sjáum um **málningu**, **gluggaskipti**, **múrviðgerðir** og almennt viðhald fasteigna.

Fyrirtak – 20 ár af fagmennsku.



MÁLNINGARVINNA

utan húss og innan húss



GLUGGASKIPTI

og viðgerðir á gluggum og hurðum



MÚRVIÐGERÐIR

og sprunguviðgerðir



ALMENNT VIÐHALD

á fasteignum

Vel skal vanda það sem lengi skal standa.

Við sjáum um allt viðhald á fasteigninni þinni.


FYRIRTAK
málningarþjónusta

 **519 5949** |  **fyrirtak.is**

Fagmennska – Áreiðanleiki – Vandaður árangur



GLUGGASKIPTI

MÚRVIÐGERÐIR

MÁLNINGARVINNA



.....
DAGSKRÁ

Skrúðgangan 17. júní hefst við MK og lýkur á Rúttúni.

17. júní í Kópavogi

Haldið verður upp á 17. júní með glæsibrag í Kópavogi og er boðið upp á dagskrá á tveimur stöðum í bænum. Skemmtidagskrá er bæði á Rúttúni og við Versali frá tvö til fjögur en leiktæki og hoppukastalar opna klukkan tólf.

Dagskrá 17. júní Rúttún

12:00-17:00 | Hátíðarsvæði opið með hoppukastölum, leiktækjum og andlitsmálun.

13:30 | Skróðganga frá MK sem lýkur á Rúttúni.

14:00-16:00 | Hátíðardagskrá Eva Ruza og Hjálmar Örn eru kynnar Fram koma:

- Fjallkona Kópavogs
- Leikhópurinn Lotta
- Úlfur Úlfur
- Bríet
- Latibær
- VÆB

12:00-16:00 | Veltibíllinn við Sundlaug Kópavogs

Versalir

12:00-17:00 | Hátíðarsvæði opið með hoppukastölum, leiktækjum og andlitsmálun

14:00-16:00 | Hátíðardagskrá Saga og Snorri eru kynnar Fram koma:

- Latibær
- VÆB
- Leikhópurinn Lotta
- Aron Can
- Bríet

.....
VINNUSKÓLINN

Metþátttaka hjá Vinnuskóla Kópavogs



Vinnuskólinn í Kópavogi sinnir ýmsum verkefnum í bæjarlandi Kópavogs.

Vinnuskóli Kópavogs hefur störf fyrir nemendur fædda 2010-2012 miðvikudaginn 10. júní. Aldrei hefur verið meiri aðsókn að starfi Vinnuskólans og hafa um 1.600 unglingar á aldrinum 13 til 17 ára sótt um starf í sumar. Fram undan er því skemmtilegt sumar hjá stórum hópi ungmenna sem taka þátt í verkefnum víðs vegar um bæinn.

Nemendur Vinnuskólans sinna fjölmörgum og ólíkum verkefnum. Þar má nefna störf innan stofnana, félaga og fyrirtækja auk garðvinnu og vinnu við að halda bæjarlandinu snyrtilegu fyrir íbúa Kópavogs. Starfsfólk Vinnuskólans býður

alla nemendur velkomna til starfa í sumar og ekki síst 13 ára ungmenni sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Fyrir mörg þeirra er þetta fyrsta launaða starf þeirra og því mikilvægt tækifæri til að læra um ábyrgð, samstarf, stundvísi auk fjölda annars sem fylgir því að vera á vinnumarkaði.

Nýjung í starfi Vinnuskólans í ár er sérstakur viðburðarhópur sem starfar í samstarfi við menntasvið Kópavogsbæjar. Hlutverk hópsins verður að skipuleggja og koma að viðburðum fyrir nemendur Vinnuskólans auk þess að undirbúa stærri verkefni sem unnin verða yfir vetrartímann í samstarfi við félagsmiðstöðvar bæjarins.

Auk þeirra unglunga sem starfa í hefðbundnum flokkum Vinnuskólans eru um 450 nemendur starfandi á ýmsum námskeiðum og á stofnunum bæjarins.

"Í sumar er Vinnuskóli Kópavogs rekinn í 68. sinn og hefur starfsemin aldrei verið vinsælli. Mikill fjöldi umsækjenda segir okkur að okkar bíður öflugt og viðburðaríkt sumar þar sem hundruð ungmenna fá tækifæri til að gera Kópavog enn betri bæ. Við hlökkum til sumarsins og þess að taka á móti öllum þeim frábæru ungmennum sem munu starfa hjá okkur. Vinnuskólinn er mikilvægur vettvangur fyrir ungt fólk til að öðlast reynslu, eignast nýja vini og taka fyrstu skrefin á vinnumarkaði," segir Svavar Ólafur Pétursson verkefnastjóri Vinnuskóla Kópavogs.



Lakkskemman
Bílamálun + Réttningar

**Skemmuvegi 30,
200 Kópavogi,
sími: 557 4540,
www.lakkskemman.is**

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Elis Rúnarsson



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



BYKO

AFMÆLISHÁTÍÐ

- ÚTILEGUVÖRUR **20%** • LEIKFÖNG **24%**
- ÚTIMÁLNING **20%** • SUMARBLÓM **24%**
- REIÐHJÓL OG JAFNVÆGISHJÓL **20%**
 - GARÐHÚSGÖGN **15-30%**
- PALLAHITARAR OG KAMÍNUR **22%**
- SLÁTTUORF **20%** • HEKKKLIPPUR **20%**
- HELLUBURSTAR **20%** • ÚTILJÓS **22%**
- KEÐJUSAGIR **20%** • SLÁTTUVÉLAR **20%**
 - GARÐSKRAUT **24%** • GRILL **15-20%**

AFGREIÐSLUTÍMI 17. JÚNÍ

BYKO BREIDD

10-18

BYKO LEIGA BREIDD

10-14

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



MK

230 nemar útskrifast



Tvær brautskráningar fóru fram við Menntaskólann í Kópavogi á þessu vori við hátíðlega athöfn í Digraneskirkju. Fimmtudaginn 21. maí brautskráðust 23 leiðsögumenn, 16 matsveinar, og 43 iðnmeistarar. Föstudaginn 22. maí voru brautskráðir 98 stúdentar (þar af xx af afreksípróttasviði), 43 iðn- nemar og sjö nemar af starfsbraut. Alls brautskráðust því 230 nemar frá Menntaskólanum í Kópavogi.

Fimmtíu ár frá fyrstu útskrift Þann 22. maí 1976 brautskráði Ingólfur A. Þorkelsson, fyrsti skólameistari MK, fyrstu stúdentana frá skólanum. Þá útskrifuðust 53 nemendur. Af því tilefni tóku stjórnendur skólans á mót 50 ára stúdentum fyrr á önninni þar sem rifjuð voru upp fyrstu ár skólans og þróun hans í gegnum tíðina.

MK hefur á rúmum fimm áratugum vaxið og þróast í öflugan og fjölbreyttan skóla þar sem nú stunda um 1100 nemendur nám á 20 námsleiðum í bók- og starfsnámi. Metaðsókn var í skólann síðastliðið haust og áfram er mikil áhersla lögð á metnaðarfullt nám, starfsþróun starfsfólks og velliðan allra sem nema og starfa við skólann.

Líf og fjör í MK

Á skólaárinu var mikið um að vera í skólastarfinu. Bókasafn skólans var endurnýjað, nemendahandbók með öllum helstu upplýsingum varðandi skólastarfið var gefin út, samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands var endurvakið en það felur í sér mótöku og þjálfun kennaranema. Jafnlaunavottun skólans var endurnýjuð til ársins 2028 og ný skólanefnd var

skipuð þann 18. nóvember sl. Þá hlaut skólinn viðurkenninguna Stofnun ársins 2025 í flokki ríkisstofnana með 90 starfsmenn og fleiri. Titillinn hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr á sviði mannaúsmála, starfs- umgjörð, stjórnun og starfsanda að mati starfsfólksins. Þá hlaut skólinn nafnbótina Fyrirmyndastofnun sem er viðurkenning sem veitt er ríkisstofnunum sem státa af háum einkunum í þjónustukönnunum, lágri starfsmannaveltu og góðri stjórnun.

Skólaþróun

Í MK starfar hæfileikaríkt fólk sem sinnir störfum sínum af áhuga, eldmóði og miklum metnaði fyrir hönd skólans og nemenda hans. Kennarar og annað starfsfólk er duglegt að þróa sig í starfi og stóð skólaþróunarteymi skólans fyrir nokkrum fróðleiksmolum fyrir starfsfólkið um t.d. kynjafræði, gervigreind, 5C hugmyndafræði Chris Harwood og Kahoot. Auk þess tók allt starfsfólk þátt í skólaþróunardegi framhaldsskólanna og hópur kennara hitist reglulega, ásamt sérfræðingi úr Háskóla Íslands til að ígrunda kennslu og kennsluaðferðir.

Góður námsárangur

Forseti bæjarstjórnar, Björg Baldursdóttir, afhenti viðurkenningar úr viðurkenningarsjóði MK sem var stofnaður af bæjarstjórn Kópavogs á 20 ára afmæli skólans árið 1993. Að þessu sinni fengu tveir nemendur viðurkenningu. Nýstúdent Helga Soffía Sigurðardóttir, en hún er með hæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi og nýsveinn Árný Lind Berglindardóttir fyrir hæstu meðaleinkunn í verknámi.

Háskólinn í Reykjavík veitti Niels Jóhanni Júlíussyni bókaverðlaun og niðurfellingu skólagjalda á fyrstu önn í HR fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum á stúdentsprófi. Niels Jóhann útskrifaðist með næsthæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi vorið 2026.

Háskóli Íslands veitti nýstúdent, Ingu Fanneyju Hauksdóttur, peninga-

verðlaun og frí skólasgjöld í HÍ fyrir framúrskarandi árangur á stúdentsprófi sem byggir á breiðum þekkingargrunni. Inga Fanney hefur

lokið fjölmörgum einingum í raungreinum, félagsgreinum og tungumálum, auk þess að að ljúka sjö stærðfræðiáföngum.



Sótt tilboð



7.450 kr.



15" pizza af matseðli og 15" margarita eða hvítlauksbrauð

7.490 kr.



3.190 kr.



Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum



6.450 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

7.490 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Hádegistilboð

2.950 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.690 kr.

9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

Castello
PIZZERIA

Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13



KARATEDEILD BREIÐABLIKS

BYRJENDANÁMSKEIÐ Í KARATE

FYRIR **5 ÁRA** OG ELDRI



BYRJAR
1. JÚLÍ



LENGD NÁMSKEIÐS
7 VIKUR



MIÐVIKUDAGA
KL. 15:00 – 16:00



STAÐSETNING
SMÁRANUM Í KÓPAVOGI



SKRÁNING
Á XPS



VERÐ
9.000 KR.



FYRSTI
TÍMINN ER **FRÍR**



KOMDU OG **PRÓFAÐU** KARATE!

✉ Nánari upplýsingar: karate@breidablik.is



GJÖF

Færði Snælands-skóla strútsegg frá Suður-Afríku

Óvenjuleg gjöf bættist nýlega í safn Snælandsskóla þegar Freysteinn Páll Óttarsson í 4. bekk færði skólanum strútsegg að gjöf. Eggðið, sem kemur frá Suður-Afríku, mun fá sérstakan sess í fuglaglerskáp skólans þar sem nemendur geta skoðað það og fræðst um stærsta fugl heims.

Freysteinn hafði aldrei séð strútsegg áður og segir að það hafi komið sér á óvart hversu lítið það væri miðað við stærð strútsins.

„Lögumín og hve lítið það er miðað við stærð strútsins kom mér mest á óvart,“ segir hann.

Eggðið kom til landsins fyrir tilstuðlan Halla frænda Freysteins, sem hefur sjálfur búið í Suður-Afríku en var nú að koma úr ferðalagi þaðan. Halli hefur sagt honum ýmislegt frá álfunni, meðal annars frá snákum sem þar finnast. Freysteinn rifjar upp að eitt sinn hafi þau bakað brauð sem var í laginu eins og snákur, og með rúsinur fyrir augu, þegar hann var í heimsókn hjá frænda sínum.

Nemendur í 4. bekk Snælandsskóla lærðu nýlega um strúta í skólanum og því var eggðið sérstaklega áhugavert fyrir Freystein.

„Við lærðum um strúta fyrir nokkrum mánuðum. Þeir geta hlaupið rosalega hratt og þeir eru hræddir við ljón,“ segir hann.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Freysteinn þegar heimsótt Afríku, en hann ferðadist til Marokkó með fjölskyldu sinni. Ferðin skildi eftir sig eftirminnilegar minningar.



Freysteinn Páll Óttarsson.

„Mér líkaði ekki vel við að vera í miðbænum þar sem voru margir menn með snáka að ýta þeim að manni og bjóða manni að halda á þeim,“ segir hann.

Freysteinn segist ánægður með að strútseggði hafi fengið framtíðarheimili í skólanum.

„Mér finnst það mjög skemmtilegt, sérstaklega af því að ég fékk frétt um mig á vef skólans,“ segir hann.

Aðspurður um upphaldsdýrið sitt stendur þó strúturinn ekki efstur á blaði. „Kettir eru upphaldsdýrin mín því þeir eru svo mjúkir og skemmtilegir,“ segir Freysteinn.

KYNNING

Lín Design fagnar 21 árum og tekur Ninepine til Íslands

Lín Design fagnar um þessar mundir 21 árs afmæli. Fyrirtækið hefur í rúma tvo áratugi lagt áherslu á gæði, náttúruleg efni og vörur sem stuðla að betri svefni og vellíðan. Frá árinu 2017 hefur verslun Lín Design verið staðsett í Smáratorgi, þar sem fyrirtækið hefur byggt upp sterkan hóp tryggra viðskiptavina.

Nýverið hóf Lín Design sölu á skandinavíska fatamerkinu Ninepine, sem nú er eingöngu fáanlegt hjá Lín Design í Smáratorgi. Merkið hefur notið mikilla vinsælda erlendis fyrir tímalausan, þægilegan og vandaðan fatnað sem hentar jafnt í vinnu, ferðalög og daglegt líf.

Sérstaklega hafa buxur Ninepine vakið athygli og fengið yfir



Ágústa og Guðrún Gísladætur hjá Lín Design við Ninepine fatalínuna í verslun fyrirtækisins í Smáratorgi.

22.000 fimm stjörnu umsagnir frá viðskiptavinum víða um heim. Fatnaðurinn er hannaður með það að markmiði að sameina þægindi og



fágað útlit, þannig að sömu flíkurnar henti jafnt á vinnustaðinn, í ferðalagið eða við önnur tilefni.

„Viðskiptavinir okkar hafa lengi leitað eftir fatnaði sem er jafn þægilegur og kósýföt en jafnframt nógu fallegur fyrir vinnu og daglegt líf. Ninepine fellur því einstaklega vel að þeirri hugmyndafræði sem við höfum byggt upp hjá Lín Design,“ segir Ágústa Guðmundsdóttir hjá Lín Design.

Lín Design býður í dag upp á fjölbreytt úrval fyrir heimilið, svefnherbergið og fjölskylduna alla, auk fatnaðar fyrir konur og börn.



AÐSENT

Gagnsæi og þjónusta í Kópavogi

Þann 16. maí fékk Miðflokkurinn sína bestu kosningu til þessa í Kópavogi. Flokkurinn hlaut 10,5% atkvæða, þriðja mest allra framboða, og einn bæjarfulltrúa. Við erum þakklát fyrir traustið og ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að standast væntingar kjósenda okkar og annarra Kópavogsbúa.

Fyrsti bæjarstjórnarfundur kjörtímabilsins fór fram 9. júní og lét Miðflokkurinn strax til sín taka. Breytingartillaga flokksins var samþykkt og við bókudum afstöðu okkar til málefna samnings meirihlutans.

Það varð þó fljótt ljóst að bæta þarf aðgengi bæjarbúa að upplýsingum. Fundargerðir og upptökur af bæjarstjórnarfundum eru vissulega aðgengilegar, en það er óraunhæft að ætlast til þess að almenningur horfi á fimm klukkustunda fund með löngum fundarhléum eða kafi í hundruði blaðsíðna af gögnum.

Við munum því leggja áherslu á að bóka skýra afstöðu okkar til mála og miðla henni reglulega til bæjarbúa. Þá munum við halda opinn mánaðarlegan fund þar sem farið verður yfir helstu bæjarmálin og íbúum gefst tækifæri til að spyrja spurninga og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Miðflokkurinn hefur þegar lagt fram tillögur um mælendaskrá og



Einar Jóhannes Guðnason, bæjarfulltrúi Miðflokksins.

tímasett fundarhlé svo auðveldara verði að fylgjast með bæjarstjórnarfundum. Eftir sumarið munum við einnig kalla eftir sérstakri umræðu um þjónustu og gagnsæi.

Stjórnkerfið á að þjóna íbúunum, ekki öfugt. Kópavogsbúar eiga að finna fyrir skattþeningum sínum að verki. Þar mun muna um Miðflokkin.



BESTA NAMMIÐ

Skólagarðar með breyttu sniði

Skólagarðar í Kópavogi verða starfræktir í sumar líkt og undanfarin ár. Garðarnir verða staðsettir á Dalvegi og við Fagralund. Þátttaka hefur verið mikil síðustu ár og hafa börnin ávallt verið ánægð með að taka upp eigið grænmeti að sumarlagi.

Í ár verða gerðar breytingar á starfinu með það að markmiði að gera

garðana enn líflegri og skemmtilegri. Flokkstjórar skólagarðanna munu senda foreldrum dagskrá í lok hverrar viku þar sem farið verður yfir skipulag næstu viku. Með þessu er markmiðið að gera skólagarðana að enn eftirsóknarverðari áningarstað fyrir börnin yfir sumarið.

Skólagarðarnir opnuðu í byrjun

júní. Fyrstu vikuna var opið frá klukkun 12 til 18 svo foreldrar gátu komið og sett niður grænmeti með börnum sínum.

Að lokum er rétt að minna á að grænmeti sem maður ræktar sjálfur er besta sælgæti í heimi.



GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ KÓPAVOGSBÚAR

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Friform

Kæri Kópavogsbúi!

**Gleðilegan
17. júní**

RO REYKOFNINN EHF.



Hannes

Löggiltur fasteignasali

699 5008

hannes@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA





ADSENT

Björgum hjarta Kópavogs áður en það er of seint

Kæru Kópavogsbúar.

Á myndunum hér að ofan sjáum við tvo mjög ólíka möguleika fyrir sama stað. Annars vegar lifandi torg með mannlífi, gróðri, kaffihúsum og opnum svæðum þar sem fólk hittist, börn leika sér og samfélagið blómstrar. Hins vegar byggingarsvæði sem er aðeins fyrsta skrefið í átt að þéttu háhýsaþorpi þar sem fimm allt að 15 hæða blokkir eiga að rísa.

Þetta snýst ekki um að vera á móti uppbyggingu. Kópavogur þarf að vaxa og þróast. En spurningin er: Hvernig miðbæ viljum við skilja eftir fyrir komandi kynslóðir?

Miðbær er ekki bara safn íbúða. Góður miðbær er hjarta bæjarins. Hann þarf að bjóða upp á opin svæði, torg, gróður, sól og skjól þar sem fólk vill dvelja. Þegar háhýsum er raðað þétt saman hverfa þessi gæði.



Kolbeinn Reginsson.

Þá taka við skuggar, vindstrengir og steinsteypa. Það sem hefði getað orðið lifandi bæjarrými verður að enn einu íbúðahverfinu.

Þegar þessar byggingar hafa risið verður ekki aftur snúið. Þá er tækifærið farið. Við fáum aldrei aftur þann opnareit sem gæti orðið samkomustaður allra íbúa Kópavogs.

Nú höfum við enn rödd. Undirskriftasöfnunin snýst um að senda skýr skilaboð til bæjarstjórnar: Við



viljum fallegan miðbæ með mannlífi, ekki háhýsaþorp sem fyllir hvert einasta opna svæði.

Hvort sem þú hefur búið í Kópavogi í eitt ár eða alla ævi, þá snertir þessi ákvörðun okkur öll. Þetta er síðasta tækifærið til að hafa áhrif áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar. Skrifaðu undir undirskriftasöfn-

unina og hjálpaðu okkur að verja hjarta Kópavogs. Miðbærinn sem við byggjum í dag verður arfleifð okkar til framtíðar. Nú er tíminn til að láta í sér heyra.

Undirskriftalistann má finna á Island.is undir heitinu „Björgum miðbæ Kópavogs“.

GÓÐ ÞJÓNUSTA

í Kópavogi



GLUGGAVINIR

Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
Sími: 571 0888, www.gluggavinir.is



Arion banki



RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m, Kópavogi
www.bilarogtjon.is

BÍLRÚÐAN

Smiðjuvegi 14, Græn gata,
200 Kópavogi
www.bilrudan.is
S: 552 5755



Dalvegi 24, 201 Kópavogur
S: 571 7030, www.car-med.is

**BÍLRÚÐU
MEISTARINN**

Vinum fyrir öll tryggingafélög

Dalvegi 18, 201 Kópavogur
S: 5711133

**Flutningsþjónusta
Mikaels**

**Flytjum það sem
þú vilt flytja**

Kársnesbraut 87, 200 Kópavogur
S: 894 4560, www.flytja.is

REYKOFNINN EHF.

Smiðjuvegi 14 (bleik gata),
S: 557 2122,
info@reykofninn.com,
reykofninn.is



GÓÐ ÞJÓNUSTA Í

SMÁRATORGI

VERSLUNARKJARNI
Í HJARTA KÓPAVOGS

**VERKFAERA
LAGERINN**



B
Bakameistarin

Lin
DESIGN



ÓSKUM KÓPAVOGSBÚUM GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR

Í Kópavogi

JÚNÍ

Dagskrá Rútstúni

12:00–17:00

Hátíðarsvæði opið með hoppukastölum, leiktækjum og andlitsmálun

13:30

Skrúðganga frá MK sem Lýkur á Rútstúni

14:00–16:00

Hátíðardagskrá

Kynnar: Eva Ruza og Hjálmar Örn

Fram koma:

Fjallkona Kópavogs

Leikhópurinn Lotta

Aron Can

Bríet

Latibær

VÆB

12:00–16:00

Veltibíllinn við Sundlaug Kópavogs

Dagskrá Versalir

12:00–17:00

Hátíðarsvæði opið með hoppukastölum, leiktækjum og andlitsmálun

14:00–16:00

Hátíðardagskrá

Kynnar: Saga og Snorri

Fram koma:

Latibær

VÆB

Leikhópurinn Lotta

Aron Can

Bríet

Menningarhúsin eru opin!



Kópavogsbær